

Sp.

83. Tillaga til þingsályktunar

[78. mál]

um, að Sildarverksmiðjur ríkisins reisi verksmiðju í Grindavík.

Flm.: Jón Árm. Héðinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela stjórn S. R. að hefja nú þegar undirbúning að því að reisa verksmiðju í Grindavík, er brætt geti allt að 1500 tonn af loðnu á sólarhring og verði tilbúin til vinnslu í ársbyrjun 1976.

Greinargerð.

Hér við land hófust loðnuveiðar fyrst að nokkru ráði árið 1965, og öfluðust þá um 50 þús. tonn. Árið eftir verður mikil aukning, og veiðast þá um 125 þús. tonn. En næstu tvö árin er aflinn heldur minni eða rétt innan við 100 þús. tonn. Síðan verður mikil breyting og aflast frá 170—190 þús. tonn á árunum 1969—71. Fleiri skip taka þátt í veiðunum en áður og aukin þekking og auknar rannsóknir á göngum loðnunnar stuðla að þessari þróun. Gevstíleg aukning varð svo í aflanum árið 1972, en þá veiddust 277 þús. tonn, á vertíðinni 1973 veiddust 440 þús. tonn og nær 500 þús. tonn á síðustu vertíð. Þá tóku um 130 skip þátt í veiðunum, og þótti mörgum það mikil þátttaka. Enn er fyrirsjáanlegt, að fjöldi skipa muni taka þátt í veiðunum. Þessi aukning skipa á loðnuveiðum mun kalla á betra skipulag og aukna móttöku við löndun en áður hefur verið. Á vertíðinni 1973 var stofnað til Loðnuflutningasjóðs, sem þegar sannaði gildi sitt, og mun ákveðið, að hann starfi áfram. Hins vegar er það ljóst, að þessi aukning á veiðiflota er svo mikil, að mæta verður afkastagetu flotans með því að reisa nýjar verksmiðjur sem allra fyrst. Vitað er einnig, að margir hafa hug á því að kaupa enn ný og stór veiðiskip, og er afkastagetu þeirra svo mikil, að þau mundu ein sér gera meira en afla fyrir verksmiðju með 2500 tonna sólarhringsvinnslu. Það er því augljóst mál, að brýna nauðsyn ber til að hefja nú þegar undirbúning að nýrri stórrí verksmiðju á vegum Sildarverksmiðja ríkisins. S. R. eiga frá fyrri tíma mikið af tækjum, sem ekki eru nýtt, og hlýtur að teljast tímabært að taka þessi tæki í notkun, þegar verkefni eru fyrir hendi, og það sem fyrst.

Með hliðsjón af þessu og svo augljósri þörf til að bjarga auknum afla er þessu máli hreyft hér á þingi. Þessu til viðbótar kemur svo, að nú innan tíðar verður fiskihöfnin í Grindavík gjörbreytt og getur tekið við öllum stærðum skipa. Heildarfjármagn í þessar framkvæmdir verður 600—700 milljónir, og er augljóst, að höfnin mun þurfa á öllum möguleikum til tekjuöflunar að halda.

Þótt Loðnuflutningasjóður starfi með ágætum, má ekki gleyma því, að það kostar marga tugi milljóna í olíueyðslu að sigla með loðnu norður fyrir land, og hækkandi verð á olíunni veldur mönnum áhyggjum. Þótt ný verksmiðja verði reist í Grindavík, mun hún samt sem áður ekki gera meira en að mæta hluta af þeirri aukningu, sem vænta má. Það er skoðun flutningsmanns, að ekki verði langt í það, að S. R. verði einnig að reisa aðra verksmiðju og staðsetja hana í Þorlákshöfn, þegar höfnin þar er fullgerð.

Rekstur ríkisverksmiðjanna hefur gengið erfiðlega undanfarin ár vegna hráefnisskorts og mundi verksmiðja í Grindavík bæta hér verulega úr. Því er þessi þingsályktunartillaga flutt.